


## 22 og 23 Markarfljótsvirkjun A og B

Í Markarfljótsvirkjun B er Markarfljót er stíflað efst í Markarfljótsgljúfri ofan við Hattfellsgil. Þar myndast lón sem hefur verið nefnt Emstrulón. Emstrulón er fyrirhugað með yfirfallshæð í 495 m y.s., um 14 km<sup>2</sup> og rúmar um 280 GJ miðlun. Virkjað er með göngum úr lóni að stöðvarhúsi neðanjarðar norðaustan við Einhyrning með frárennsli í göngum niður í Gilsá í 190 m y.s. Í Markarfljótsvirkjun A hefur einnig verið skoðað að virkja fall ofan af Launfitarsandi, svonefnda Sátuvirkjun með um 11 km<sup>2</sup> (200 GJ) lóni. Ef virkjun af Emstrum yrði gerð í tengslum við þá virkjun, yrði yfirfallshæð í Emstrulóni um 488 m y.s., flatarmál 11,5 og miðlunarrými tæplega 200 GJ.



Virkjun A: Afl 14 MWe, orkugeta 120 GWh/ár



Virkjnu B: Afl 109 MWe, orkugeta 735 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna C. FH III: virkjun A: Áhrif 79, virkjun B: Áhrif 19. FH IV: Kostnaðarflokkur: virkjun A 5, virkjun B 4.

## Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna C/B. Markarfljót Verðmæti /Meðaltal 10,4/8,0;

Markarfljótsvirkjun B Áhrifaeinkunn/Meðaltal 9,2/5,4.



Markarfljót

Sérstakt mikilvægi

**Friðland:** Friðland að fjallabaki er í jaðri svæðisins.

**Alþjóðlegt mikilvægi:** stórt grágæsavarp við ósa og mikilvægur náttstaður gæsa.

**Náttúruminjar:** Þórsmörk.

**Náttúruverndaráætlun 2004-8:** Tillaga um friðlýsingu Þórsmörkur, mörk við Markarfljót, fjölbreytt landslag, eldvirkni, skógur.

**Friðlýstar minjar:** bústaður við Einhyrning og Kápa í Almenningi (sunnan Markarfljóts).

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna C/C

| <i>Ferðasvæði</i> | <i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i> | <i>Röð</i> |
|-------------------|---|------------|
| Álftavatn         | 8,38  | 25         |
| Markarfljót       | 8,71  | 19         |

| <i>Staðar-númer</i> | <i>Virkjunarhugmynd</i> | <i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i> |             | <i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i> | <i>Röð</i> |
|---------------------|-------------------------|---|-------------|---|------------|
|                     |                         | til beitar  | vegna veiða |   |            |
| 22                  | Markarfljótsvirkjun A   | 3   |             |   |            |
| 23                  | Markarfljótsvirkjun B   | 6   |             | 4,31  | 29         |

Röðun FH I/FH II: Virkjun B 59.

Könnun verkefnisstjórnar: Virkjun B NO, B2, V10.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Rök fyrir röðun í verndarflokk: Ósnortið vatnasvið, fjölbreytt og verðmætt landslag og víðerni.

*Flokkun í þingsályktunartillögu: Verndarflokkur, bæði Markarfljótsvirkjun A og B.*

*Rökstuðningur: Vísað til röðunar verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í fylgiskjali 1) og könnunar verkefnisstjórnar (fylgiskjal 3).*